



HARMONÍU KÓRINN

Textar
Vorið 2017

Vorvísa

Ég heyri vorið vængjum blaka
og vonir mínar undir taka,
því ég er barn með sumarsinni
og sólarþrá í vitund minni.

Er blikar sær und bláu hveli
og blærinn vaggar smáu stéli
og ástin skín úr augum þínum
ég uni glaður kjörum mínum.

Þegar sígur sólin rauð
sundin gulli þekur,
í hjarta mínu á ég auð
sem enginn frá mér tekur.

Ási í Bæ

Signum

Cum decore, cum amore,
cum splendore, cum ardore,
cum vigore, cum calore,
voce cantate melodica.

Gaudia mirifica
magnificate in musica.

.

Ave verum corpus

Ave, ave verum corpus,
natum de Maria virgine,
vere passum, immolatum
in cruce pro homine.

Cujus latus perforatum
unda fluxit et sanguine;
esto nobis praegustatum
in mortis examine

.

Jubilate Deo

(Sópran)

Jubilate Deo omnis terra,

servite Domino

:/: in laetitia :/:

:/: Laudate nomen ejus :/:

quoniam suavis est Dominus.

:/: Alleluia :/:

.

Krossvísur

Tenór:

Dýrðarfullur Drottinn minn, dýrka þig.

Guð á himnum leystan mig.

Jungfrúin innilig

holdi helgust mæð, huldi sig.

Jungfrúin innilig holdi þínu,

helg mæð, huldi Guðsson sig.

Drottning, mild, skær, meýja blóm.

Höfuðengill, heiðrar jungfrúrdóm.

Ave, fögur og fróm. Gratia plena, Guð er með þér!

Talar með róm. Þinn jungfrúrdóm.

Voldugur Drottinn veiti náð þeim er fann,

svo ævinliga aldri týnist hann.

Synji upp sá sem kann.

Brag skal eiga blessaður kross. Byrgi rann.

Ave, fögur og fróm. Gratia plena, Guð er með þér!

Talar með róm. Þinn jungfrúrdóm.

Krossvísur

Bassi:

Dýrðar Drottinn minn, dýrka, dýrka vil ég.
Guð, á himnum skín, hefur leystan mig. Hæstur Guð
Jungfrúin innilig í holdi þínu,
helgust mæ, huldi sig. Helgust mæ.

Jungfrúin innilig holdi þínu,
helgust mæ, huldi Guðsson sig. Helgust mæ.
Drottning, mild, skær, meylla blóm.
Höfuðengill, heiðrar jungfrúrdóm, heiðrar jungfrúrdóm.

Ave, fögur og fróm. Gratia plena, Guð með þér!
Talar með róm. Þinn jungfrúrdóm.

Voldugur veitti mér þeim er þeim er fann,
með allri dáð aldri týnst hann. Þeim er fann.
Syngi upp sá sem kann.
Brag skal eiga kross. Byrgi ég rann. Brag skal eiga.

Ave, fögur og fróm. Gratia plena, Guð er með þér!
Talar með róm. Þinn jungfrúrdóm.

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir
geisast um löndin rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn
Hjartað mitt litla, hlustaðu á,
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjalladal.

Helgi Valtýsson

Líttu sérhvert sólarlag

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt.
Hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund,
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúlason

A mad, mad, mad, mad madrigal

We sing of a time when rhythm and rhyme
coupled up so gaily.

We sing and dance on the green, green grass
and the birds do warble daily.

We play our flutes and we tune our harps;
it's merry mirth we're making,
but the falalas have become quite blah,
so here's a risk we're taking,
a fine tradition breaking,
for sure there's no mistaking
this mad, mad, mad, mad madrigal

Fa la la oo la la doo doo wah doo doo wah dah doo.
Shoop, shoobee doobee doop, shoobee doo wah, bah
dah bah loo bop,
how 'bout you?

Dip dah dip, fa lama lama ding dong.
Yip yipee ti yi yo!
Bah bah bah, sham bam bala,
till the morning roster crows.

It's a mad, mad, mad, mad, madrigal,
mad, mad, madrigal,

Kirby Shaw

Fylgd

Komdu, litli ljúfur, labbi, pabba stúfur,
látum draumsins dúfur, dvelja inni um sinn.
heiður er himinninn.
Blærinn faðmar bæinn, býður út í daginn.
Komdu, kalli minn.

Hér bjó afi og amma, eins og pabbi og mamma.
Eina ævi og skamma, eignast hver um sig,
stundum þröngan stig.
En þú átt að muna, alla tilveruna
að þetta land á þig.

Ef að illar vættir inn um myrkragættir
bjóða svikasættir, svo sem löngum ber,
við í heimi hér,
þá er ei þörf að velja, þú mátt aldrei selja
það úr hendi þér.

Göngum langar leiðir, landið faðminn breiðir.
Allar götur greiðir gamla landið mitt,
sýnir hjarta sitt.
Mundu, mömmu ljúfur, mundu, pabba stúfur
að þetta er landið þitt.

Guðmundur Böðvarsson

Braggablús

Ein í bragga, Magga, gægist út um gluggann,
bráðum sér hún Skuggabaldur skunda hjá
enn einn túrinn, stúrinn, olú á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aura' að fá.

Í vetur, betur, gekk henni að galdra
til sín glaða' og kalda karla sem oft gáfu aur,
en Magga í sagga situr ein í bragga
á ekki fyrir olú er alveg staur.

Fyrst kom Bretinn rjóður, yndislega góður
þá bjó hún Magga' á Borginni í bleikum kjól.
Svo kom kaninn, þaninn, kommúnistabaninn
þá kættist Magga ofsalega' og hélt sín jól.

Svo færðist aldur yfir eins og galdur
og ávallt verra' og verra varð í karl að ná.
Nú er Magga stúrinn, því olú á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aura' að fá.

Magnús Eiríksson

Dans og drikk

Sópran - Alt:

Dans, dans med oss,
for ung er ennå dagen.
Gledens beger er ei ennå tömt.
Så lenge vi har vin,
så lenge dansen går,
så er vi glad,
så lenge er vi glade.

Tenór - Bassi:

Dans, drik, dans og drik,
for ung er ennå dagen.
Gledens beger, gledens beger ei er tömt.
Vin, vin, vin, vin, vin,
så lenge dansen, dansen går,
så er vi glad,
så lenge er vi glade.

Húrrakórinn

Húrra! Húrra !
já lífið er leikur og
leikur er kveikur
að lukku tralla la

Húrra! Húrra !
það má ekki missast
að kætast og kyssast
húrra og tralla la

Ert þú, ert þú, ei til í tuskið? Jú!
Því ei skal leyna'
að lífið eina'
er líf á líðandi stund
og nóttin brennur
njótum hennar létt í lund.

.

Þakkarstef

:: Skál, skál, skál!

Við boðið þökkum þér. ::

Hollt er vini heim að sækja,
hefja gleði mál.

Vináttuna viljum rækja,
vinir, segjum skál.

:: Skál, skál, skál!

Við þökkum þetta boð. ::

:: Lifðu svo lengi og vel! ::

Húrra!, Húrra!, Húrra!

Bjarni Stefán Konráðsson

